

45  
27. júní

# Lög

um

um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lagagreinina skal orða þannig:

Strandalæknishjeraði skal skift í þessu tvö læknishjeruð:

*Reykjarfjarðarhjerað*: Árneshreppur og nyrsti hluti Kaldrananeshrepps, að Kallbakskleif. Læknissetur í Trjeykylisvík.

*Hólmavíkurbhjerað*: Kaldrananeshreppur frá Kallbakskleif, Hróffbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*